

GJALDSKRÁ fyrir hundahald í Snæfellsbæ.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 2. gr. samþykktar nr. 384/1995 um hundahald í Snæfellsbæ, skal vera kr. 13.650.

2. gr.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsun, skráning, merking og ábyrgðartrygging.

3. gr.

Gjaldið greiðist á gjalddaga sem er 1. apríl ár hvert og óskipt fyrir allt tímabilið, þó eigi síðar en á eindaga sem er 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

4. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktarinnar er kr. 5.460.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 5. desember 2007 er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi við birtingu.

Snæfellsbæ, 2. janúar 2008.

Kristinn Jónasson bæjarstjóri.